

# SPACE SCOOP

Bringing news from across the Universe to kids all around the world



## Yngsta svartholið



Stjörnufræðingar verða að vera góðir í að leysa ráðgáttur með því að þúsla saman sönnunargögnum og vísbendingum eins og frægir spæjarar. Þegar vísindamenn notuðu Chandra röntgengeimsjónaukann tóku þeir eftir sérkennilegri, afmyndaðri lögum bessarar sprengistjörnuleifar og vissu strax að eitt hvað óvenjulegt hafði átt sér stað. Eftir að hafa gáumgæft gögnin og útilokað alla aðra möguleika, áttuðu stjörnufræðingarnir sig á því að þeir gætu hafa fundið það sem leynist á innan í þessu skyi – ungt svartholl!

Þegar massamiklar stjörnur springa þýtur efnið frá þeim venjulega svo til jafnt í allar áttir svo úr verður samhverft sky (eins á öllum hliðum). Í þessari sprengistjörnu kastaðist hins vegar efni mun hraðar frá norður- og suðurþólum stjörnunnar en öðrum stöðum. Þannig varð til tunnulaga leif sem gaf stjörnufræðingum fyrstu vísbendingarnar um að þessi stjarna hefði endað ævi sína á óvenjulegan hátt.

Oftast þegar stjarna springur bjappast kjarninn saman í lítinn hnött sem kallast nifteindastjarna. Nifteindastjörnur gefa venjulega frá sér röntgengeisla sem stjörnufræðingar geta séð með sérstökum sjónaukum. Þrátt fyrir vandlega leit fundust hvorki röntgengeislu né aðrar vísbendingar um nifteindastjörnu. Það þýðir að jafnvel enn furðulegra fyrirbæri myndaðist líklega í sprengingunni – svartholl! Ef þetta reynist rétt, er það yngsta þekkta svartholið í Vetrarbrautinni okkar, aðeins 27.000 ára gamalt!

### COOL FACT

Í stjörnufræði köllum við allt efni þyngri en vetrn og helíum „málma“. Allir „málmar“ verða til djúpt innan í stjörnum. Þegar stjarna deyr dreifast málmarnir út í geiminn og verða nýjar stjörnur eða reikistjörnur, jafnvel fólk!



More information about EU-UNAWE Space Scoop: [www.eu-unawe.org/kids/](http://www.eu-unawe.org/kids/)